

Minjastofnun Íslands
Henny Hafsteinsdóttir
Suðurgata 39
101 Reykjavík

Garðabær, 6. nóvember 2024
Málsnúmer: 202409-0047
IAS/RTh

Efni: Tillaga að friðlýsingu Hólavallagarðs á grundvelli menningarminjalaga.

Vísað er í tölvubréf frá Minjastofnun Íslands, dags. 25. september 2024 þar sem gefinn er kostur á athugasemdum við tillögu að friðlýsingu Hólavallagarðs.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og friðlýsingarskilmálana og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Í rökstuðningi friðlýsingar í friðlýsingarskilmálunum kemur fram að a.m.k. fjórar sjaldgæfar mosategundir sem eru á Evrópuválista yfir plöntur í útrýmingarhættu hafi fundist í garðinum og nokkrar tegundir sveppa sem hvergi hafa fundist í Íslandi en erfitt er að átta sig á heimildum þessu til stuðnings.

Samkvæmt gagngrunni Náttúrufræðistofnunar hafa aðeins tvær tegundir æðplanta hafa verið skráðar í Hólavallagarði, hvorug þeirra er á válista eða friðuð.

Tæplega 50 tegundir mosa hafa verið skráðar í Hólavallagarði samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar (sjá einnig Dóra Jakobsdóttir 1979). Þar af eru þrjár tegundir á válista Náttúrufræðistofnunar (1996), veggjakragi (*Schistidium submuticum**) sem tegund í hættu (EN), veggjaskeggi (*Grimmia plagiopodia*) sem tegundi í yfirvofandi hættu (VU) og brandakragi** (*Schistidium crassipilum*) sem tegund þar sem upplýsingar eru ófullnægjandi (DD) (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996). Veggjakragi (*Schistidium submuticum*) og veggjaskeggi (*Grimmia plagiopodia*) eru jafnframt á válista Evrópu (IUCN 2019), friðaðar frá árinu 2021 með vísan til 1. mgr. 56. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 samkvæmt auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna (Auglýsing nr. 1385, 2021). Hafa ber í huga að válisti Náttúrufræðistofnunar fyrir mosa hefur ekki verið uppfærður frá fyrstu útgáfu 1996.

Til viðbótar eru um 10 mosategundir sem hafa fundist í Hólavallagarði sem teljast missjaldgæfar, vaxa strjált eða hafa takmarkaða útbreiðslu á landsvísu (Bergþór Jóhannsson 1990, 1992, 1993, 1996, 1997, 1998, Ágúst H. Bjarnason 2018). Þar á meðal er mosategundin smákragi (*Schistidium dupretii*) þ.e. sú tegund sem er skráð á válista Náttúrufræðistofnunar (1996) en þá undir íslenska heitinu veggjakragi sem í dag er skráð sem *S. submuticum* (sjá skýringar í undirmálstexta).

Þrjár tegundir fléttna voru skráðar í Hólavallagarði 1979 (Dóra Jakobsdóttir 1979). Engar fléttur eru að öðru leyti skráðar í Hólavallagarði samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar en gera má ráð fyrir að allnokkru fleiri tegundir fléttna vaxi þar.

Um 30 tegundir sveppa eru skráðar í Hólavallagarði samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar, auk um 10 ættkvísla eða hópa sveppa sem ekki hafa verið greindar frekar til tegunda (Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, persónulegar uppl. 2024). Tvær sveppategundanna, *Lepiota cristata* og *Phallus impudicus* hafa hérlandis aðeins fundist Hólavallagarði. Nokkrar aðrar tegundir fundust í fyrsta sinn í garðinum en hafa seinna fundist víðar á landinu.

* *Schistidium dupretii* (þá sem veggjakragi) er skráð í válista Náttúrufræðistofnunar (1996) sem tegund í yfirvofandi hættu (VU). Það er samkvæmt upplýsingum úr fjölríti Náttúrufræðistofnunar nr. 24 (Bergþór Jóhannsson 1993). Bergþór gerði grein fyrir leiðréttingu á greiningu milli *S. dupretii* og *S. submuticum* í fjölríti Náttúrufræðistofnunar nr. 36 (Bergþór Jóhannsson 1998). Þar fékk *S. submuticum* íslenska heitið veggjakragi en *S. dupretii* íslenska heitið smákragi. Báðar tegundir eru mjög sjaldgæfar. *S. dupretii* er en skráð á válista Náttúrufræðistofnunar frá 1996 sem enn hefur ekki verið uppfærður fyrir mosa en aftur á móti er *S. submuticum* friðuð samkvæmt þeim upplýsingum sem þá lágu fyrir um að átt hafi verið við síðarnefndu tegundina í válistanum.

**Íslenskt heiti *S. crassipilum* var upphaflega randakragi (Bergþór Jóhannsson 1993) en því var breytt síðar í brandakraga (Bergþór Jóhannsson 1998).

Heimildir

Auglýsing um friðun æðplanta, mosa og fléttna nr. 1385/2021
<https://www.stjornartidindi.is/PdfVersions.aspx?recordId=9ee5ca6c-c4f5-4263-a9b8-e34dc6fdd984>

Ágúst H. Bjarnason 2018. *Mosar á Íslandi. Blaðmosum, flatmosum og hornmosum lýst í máli og myndum.* Reykjavík: Ágúst H. Bjarnason.

Bergþór Jóhannsson 1990. *Íslenskir mosar. Slæðumosaætt, bólmosaætt, taðmosaætt og hettumosaætt.* Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 15. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.
https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_15.pdf

Bergþór Jóhannsson 1992. *Íslenskir mosar. Grýtumosaætt.* Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 21. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands. https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_21.pdf

Bergþór Jóhannsson 1993. *Íslenskir mosar. Skeggmosaætt.* Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 24. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands. https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_24.pdf

Bergþór Jóhannsson 1996. *Íslenskir mosar. Röðulmosaætt, tildurmosaætt, glitmosaætt, faxmosaætt, breytingar og tegundaskrá.* Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 29. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.
https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_29.pdf

Bergþór Jóhannsson 1997. *Íslenskir mosar. Lokkmosaætt.* Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 33. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands. https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_33.pdf

Bergþór Jóhannsson 1998. *Íslenskir mosar. Breytingar og skrár.* Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 36. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands. https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_36.pdf

Bergþór Jóhannsson 2003. *Íslenskir mosar. Skrár og viðbætur.* Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 44. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands. https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_44.pdf

Dóra Jakobsdóttir 1979. Athuganir á lágplöntugróðri á vesturvegg kirkjugarðsins við Suðurgötu í Reykjavík. Rannsóknarverkefni við líffræðiskor Háskóla Íslands. 21. Bls. Reykjavík, desember 1979.

IUCN 2019 *miniature world in decline. European Red List of Mosses, Liverworts and Hornworts.* Brussels, Belgium.: IUCN. <https://doi.org/10.2305/IUCN.CH.2019.ERL.2.en>

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Válisti 1: plöntur.* Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.



Náttúrufræðistofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við friðlýsinguna.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

